

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna



Félagar úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og Orchester Berliner Musikfreunde fyrir framan Philharmonie eftir tónleika 28. september 2008

Inngangur:

Í mörgum löndum Evrópu er sterk og löng hefð að áhugamenn iðki tónist, og eru áhugamannasinfóníuhljómsveitir ekki nýtt fyrirbæri. Í mörgum borgum Evrópu og við marga háskóla starfa áhugamannahljómsveitir. Haustið 2008 lagði Sinfóníuhljómsveit áhugamanna land undir fót og heimsótti elsta áhugamannasinfóníuhljómsveit í Berlin, Orchester Berliner Musikfreunde, sem var stofnuð árið 1866.

Saga tónlistar á Íslandi er stutt, og tónlist og hljómsveitir komu varla við sögu fyrr en eftir seinni hluta 19. aldar. Frá tímum landnáms eru engar heimildir um tónlistariðkun landnema, en þeir voru þó að "kveða", sem var sennilega að syngja og og einhvers konar forveri rímnakveðskaps. Með krisnitöku kom kirkjutónlist til Íslands, sem var sungin tónlist. Fyrsta orgelhljóðfæri kom til Íslands á 14. öld, flutt inn af Arngrími Brandssyni presti í Odda á Rangárvöllum, sem hafði smíðað hljóðfærið sjálfur í útlöndum. Með siðaskiptunum var tekin upp lútersk sálmabók og sálmarnir komu í staðinn fyrir sléttsöng. Árið 1594 var fyrsta sálmabók með nótum prentuð, "Grallarinn" sem var í notkun til 1800. Íslenska fiðlan og langspil voru íslensk smíð eftir erlendum fyrirmyndum. Hljóðfærin hafa ekki mjög sterkan tón og voru sennilega notuð til undirleiks við söng. Undir lok 19. aldar fóru fyrstu Íslendingarnir til Danmerkur til að mennta sig á sviði tónlistar. Sönglíf á Íslandi var hafið og fyrsti kórinn stofnaður 1862, "Söngfélag Reykjavíkur". Mikil söngvakning meðal þjóðarinnar átti sér stað eftir hátíðarhöldin 1874 þar sem hinn íslenski þjóðsöngur Sveinbjörns Sveinbjörnsonar var fluttur. Söngnum fylgdi einnig aukinn hljóðfæraleikur og lúðrasveitarmenning skapaðist um allt land. Reykjavík breyttist í borg með "stórborgarbrag" um aldarmótin 1900, og það skapaðist kaffihúsamening þar sem hljómsveitir af alls konar toga spiluðu. Í upphafi voru það eingöngu erlendir hljóðfæraleikarar sem stóðu fyrir þessum hljómsveitum, áður en Íslendingum tókst að hasla sér völl á þessu sviði. Árið 1921 stofnaði Þórarinn Guðmundsson fyrsta vísinn að sinfóníuhljómsveit til flutnings á sígildum verkum í Reykjavík vegna opinberrar heimsóknar Danakonungs. Ekki voru til hljóðfæraleikarar til að leika á öll nauðsynleg hljóðfæri sem þurfti til flutnings, og bættust hljóðfæraleikarar frá Danmörku í hópinn. Árið 1926 kom Jón Leifs með Fílharmoníusveit Hamborgar til Íslands og héld sú hljómsveit 13 tónleika í Reykjavík. Árið 1930 þurfti stóra

hljómsveit til að flytja Alþingiskantötu Páls Ísólfsóssonar. Sú hljómsveit var skipuð íslenskum hljóðfærarleikurum og hljóðfæraleikurum úr Konunglegu óperunni í Kaupmannahöfn. Sama ár var Tónlistarskólinn í Reykjavík stofnaður, því augljóst var að efla þurfti hljóðfærakennslu á Íslandi. Einnig var Ríkisútvarp stofnuð árið 1930 og þurfti þá á hljómsveit að halda til að flytja tónlist. 12 manna danshljómsveit var þar stofnuð. Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið 1950. Á seinni hluta 20. aldar hafa síðan ýmsar hljómsveitir verið stofnaðar, bæði atvinnumanna- og áhugamannahljómsveitir, m.a. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, en hér á eftir verður fjallað um hana.

Fyrirrennarar

Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur:

Árið 1975 stofnaði Garðar Cortez áhugamannahljómsveit, sem hét Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur. Formaður þessarar hljómsveitar var Leifur Benediktsson, bassaleikari, sem var seinna í stjórn Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna eftir stofnun hennar. Með Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur léku fleiri menn sem mynduðu seinna góðan kjarna Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna, og nokkrir þeirra spila með henni enn þann dag í dag, m.a. Páll Einarsson, Sverrir Guðmundsson og Sigrún Andrésdóttir. Garðar Cortez stjórnaði hljómsveitinni í upphafi, seinna tók Brian Carlile, breskur víóluleikari, sem lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands 1973 til 1980, við sem stjórnandi. Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur var nokkuð virk til ársins 1979. Hún fór í nokkrar tónleikaferðir út á land, m.a. til Dalvíkur, Akureyrar og í Mývatnssveit. Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur var upphaflega hugsuð til að stofna óperu og hafa hana sem óperuhljómsveit. Hljómsveitin tók þátt í flutningi fyrstu óperu á vegum Íslensku Óperunnar árið 1979, Pagliacci eftir Ruggero Leoncavallo, Garðar Cortez stóð að því verkefni. Það gekk þó ekki up að hafa áhugamannahljómsveit sem óperuhljómsveit, atvinnumenn voru ekki ánægðir með þetta fyrirkomulag, og varð óperuhljómsveitin síðan atvinnumannahljómsveit, hljómsveit Íslensku Óperunnar.

Íslenska Hljómsveitin:

Á árunum 1982 til 1992 starfaði kammersveit að nafni Íslenska Hljómsveitin. Hún var að grunni strengja- og bláarakvintett. Í stjórn hljómsveitarinnar voru Sigurður I. Snorrason, Þorkell Jóelson, Ásgeir Sigurgestsson og Ingjaldur Hannibalsson. Guðmundur Emilson stjórnaði henni. Sú hljómsveit var atvinnumannahljómsveit og, fór í tónleikaferð til Svíþjóðar árið 1983. Hún héld sín síðustu tónleika 13. júní 1992. Með Íslensku Hljómsveitinni lék m.a. Páll Einarsson, sem síðan var einn af stofnfélögum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna.

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

Upphaf:

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð sumarið 1990 af Ingvari Jónassyni, Páli Einarssyni, Jóni Nordal og fleiri. Jón Nordal var þá skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík og mikill hvatamaður að því að áhugamannasinfóníuhljómsveit yrði stofnuð. Ákveðið var að byrja hægt og rólega sem strengjasveit og byggja hljómsveitina smám sama upp. Haft var samband við kunningja, ættingja og aðra sem spiluðu á hljóðfæri og æfingar hófust haustið 1990. Ingvar Jónasson hafði stjórnað strengjasveitum og hljómsveitum í tengslum við kennslustörf bæði hér heima og í Svíþjóð og fengið smávegis tilsögn hjá Viktor Urbancic í hljómsveitarstjórn. Einnig fór hann fjórum sinnum til Bandaríkjanna á námskeið fyrir stjórnendur til að spila með hljómsveit sem notuð var við námskeiðarhald. Þar hefur hann lært að hans sögn mikið í hljómsveitarstjórn með því að hlusta á tilsögn kennara sem héldu námskeiðin. Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hélt sína fyrstu tónleika í desember 1990 að Grandavegi 47, stjórnandi var Ingvar Jónasson og á efnisskrá voru tvö verk, Concerto III, op. 6 nr. 3 eftir A. Corelli og Divertimento nr 1 í D-dúr eftir W.A Mozart. Seinni tónleikarnir þetta starfsár voru einnig haldnir að Grandavegi 47 undir stjórn Invars Jónassonar, og voru einnig tvö verk á efnisskrá, forleikur að Così fan Tutte eftir W.A. Mozart og sinfónía nr. 2 í D-dúr eftir L.v. Beethoven. Eins og sjá má á verkunum sem flutt vor, var búið að bæta blásurum við. Á seinni tónleikum annars starfsárs, sem haldnir voru í Víðistaðarkirkju 3. maí 1992, komu fyrst gestastjórnendur við sögu, en auk Ingvars Jónassonar héldu Kjartan Óskarsson og Úlrik Ólason um tónsprotann. Einsöngvarar voru Erla Gígja Garðarsdóttir, Kolbrún á Heygum, Hinrik Ólafsson og Kristján Jónasson, og kór

Víðistaðasóknar tók einnig þátt. Flutt voru Sinfónía fyrir blásara eftir G. Donizetti, Sinfónía nr. 104 eftir J. Haydn og Missa brevis KV 275 eftir W.A Mozart. Strax í upphafi kom í ljós að hentugast væri að hafa fastan æfingatíma, og hafa æfingar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna síðan verið á þriðjudagskvöldum. Tónleikum hefur fjölgað, á fyrstu starfsárum voru haldnir tvenna tónleika á hverju starfsári en þeim fjölgaði smám saman, þegar í ljós kom að mæting á æfingar varð betri ef ekki var mjög langt í tónleika. Það var erfitt í byrjun að manna hljómsveitina, en það ríkti mikil bjartsýni, þetta var starfsemi sem átti greinilega að vaxa og dafna.

Rekstur:

Segja má að rekstur hljómsveitarinnar hafi verið mikill frumkvöðlastarf, þar sem engir peningar voru til í upphafi, einu peningar sem hljómsveitin hafði til ráðstöfunar voru aðgangseyririnn að tónleikum. Hljómsveitin nýtur góðvilja alls staðar og fær ókeypis afnot af æfingahúsnæði. Æfingastaðir í gegnum árin hafa verið Tæknigarður, Kvennaskólinn, Gamli Verzlunarskólinn, Neskirkja, og í dag æfir hljómsveitin í Seltjarnarneskirkju. Hljómsveitin fékk styrk frá Reykjavíkurborg á árunum 1997 til 2008. Nauðsynlegt fyrir starfsemi eins og rekstur hljómsveitar er að hafa eitthvað milli handanna til að geta greitt stjórnendum og einleikurum smávegis laun, einnig þarf stundum að fá aukahljóðfæraleikara inn í hljómsveitina fyrir einstök verkefni. Auk styrks Reykjavíkurborgar hafa einstakir styrkir fengist, svo sem ferðastyrkir og styrkir til að láta semja verk fyrir hljómsveitina, t.d í tilefni 10 og 15 ára afmælis hennar.

Samstarf:

Tækifærum helstu tónlistarmanna þjóðarinnar til að koma fram með hljómsveit í fullri stærð hefur fjölgað verulega með tilkomu Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna. Einleikarar, kórar og söngvarar leita til Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna til að koma fram með henni, og hljómsveitin leitar einnig til þeirra. Einleikarar sem hafa komið fram með hljómsveitinni¹ eru atvinnumenn sem margir spila með Sinfóníuhljómsveit Íslands, tónlistarkennarar og aðrir tónlistarmenn, lengra komnir nemendur sem eru ýmist að útskrifast eða að koma heim úr tónlistarnámi erlendis. Varðandi söngvara, þá hefur verið samstarf við Nýja Tónlistarskólann,

¹ Sjá viðhengi

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur haldið tónleika með einsönvurum úr skólanum þar sem óperuaríur voru fluttar. Auk þess hefur verið mikið samstarf við kóra, í báðum kirkjunum (Neskirkja, Seltjarnarneskirkja), einnig farsælt samstarf við kóra á landsbyggðinni, og hafa verið farnar margar ferðir út á land til að vinna verkefni með kórum á ýmsum stöðum, s.s. á Ísafirði og í Skálholti. Haustið 2008 var Sinfóníuhljómsveit áhugamanna boðið að heimsækja elstu áhugamanna-sinfóníuhljómsveit í Berlin, Orchester Berliner Musikfreunde, og fór góður hópur félaga úr Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í ferðalag til Berlínar. Hljómsveitirnar sameinuðust þar í eina stóra hljómsveit og héldu tvenna tónleika, góðgerðartónleika í Martin-Luther Kirche, og aðaltónleika í Kammermusiksaal í Philharmonie.

Hljómsveitarstarf:

Meðlimir Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna eru og hafa verið blanda af fólki úr öllum stéttum og nokkrum kynslóðum, tónlistarkennarar, lengra komnir nemendur, háskólanemendur, einn og einn hljóðfæraleikari sem kominn er á eftirlaun, og aðrir sem hafa lært að spila á hljóðfæri en hafa atvinnu af öðru. Aðalstjórnandi og listrænn stjórnandi hin síðari ár er Óliver Kentish. Óliver byrjaði að leika á selló með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, fór síðan að stjórna á nokkrum æfingum, stjórnaði svo stökum tónleikum og tók síðan við sem aðalstjórnandi. Ingvar Jónasson, sem var eins og áður nefnt einn af frumkvöðlum að stofnun hljómsveitarinnar, var aðalstjórnandi hennar allt frá upphafi og til ársins 2005 en þá lét hann af því starfi að eigin ósk. Aðrir stjórnendur hafa einnig komið við sögu og stjórnað heilum tónleikum eða einstökum verkum². Aðalstjórnandi hljómsveitarinnar velur efnisskrá fyrir komandi starfsár í samráði við stjórn hljómsveitarinnar. Hljómsveitin hefur sótt flest viðfangsefni sín til klassíska tímans, en einnig hafa verið tekin til flutnings nýrri verk. Frumflutningur íslenskra verka hefur einnig verið mikilvægur þáttur í starfi hljómsveitarinnar. Mikilvægir viðburðir í starfi Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna hafa að sögn Ingvars og Páls verið flutningur á óperunni "Amal og næturgestirnir" eftir Gian Carlo Menotti sem flutt var fjórum sinnum í Neskirkju í desember.1998, afmælistónleikarnir og ferðalög. Þeir sem mæta á æfingarnar og leggja hart á sig að fást við að ná sem flestum

² Sjá viðhengi

réttum nótum og túlka verkin undir handleiðslu hljómsveitarstjóra gera það sér til skemmtunar og yndisauka, og spilagleði skilar sér greinilega til áheyrenda, eins og lesa má úr þessum blaðagreinum. Að sögn Ingvars hefur ávallt ríkt góður andi á æfingum, og enn þann dag í dag spila nokkrir stofnmeðlimir með hljómsveitinni.

Að lokum:

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna hefur fest sér sess í tónlistarlífi á Íslandi og er starfsár 2008/2009 átjándi starfsár hennar. Framtíðarsýn hljómsveitarinnar er að halda starfsemi gangandi, þeir sem standa fyrir henni hafa alltaf gert ráð fyrir því að hljómsveitin sé komin til að vera, allir vinna að sama markmiði að sýna metnað í verkefnavali og flutningi tónlistar og njóta þess að iðka tónlist.

Þegar komið er inn í Tónkvísl, húsnæði Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, blasir við eftirfarandi setning, sem segir allt sem segja þarf um slíka starfsemi:

„...lát tónlistina taka í hönd yðar og veita yður gleði...“



Sinfóníuhljómsveit áhugamanna fyrir framan Skálholtskirkju eftir tónleika 14. maí 2005

Höfundur ritgerðarinnar hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna bæði á víólu og klarínettu frá september 2003.

Súsanna E. Friðriksdóttir, 08. maí 2009

Heimildir:

Göran Bergendal
New Music in Iceland
ITM 1991

Bjarki Bjarnason
Sinfóníuhljómsveit Íslands
Sögusteinn 2000

Blaðgreinar úr Morgunblaðinu:

Spilum fyrir vini og vandamenn, 04.10.1991
Áhugamennska, 10.03.1994
Sinfónískur áhugi, 15.03.1995
Áhugans vegna, 28.11.1995
Tvær sinfóníuhljómsveitir í Reykjavík, 30.04.1996
Safaríkur konsert, 23.03.2006

Ársskýrslur Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna 1996/1997 til 2007/2008



Heimasíða Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna:
<http://www.ahugasinfonia.is/>

Viðtöl, munnlegar heimildir:

Ingvar Jónasson
Óliver Kentish
Páll Einarsson
Sigurður I. Snorrason
Súsanna E. Friðriksdóttir

Viðhengi:

Útgefnir geisladiskar með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:



Skrá um samstarfsaðila Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna síðan 1990
(Staða: vor 2008)

Stjórnendur:

Árman Helgason
Bernharður Wilkinson
Björgvin Valdimarsson
Daníel Bjarnason
Garðar Cortes
Guðmundur H. Guðjónsson
Gunnsteinn Ólafsson
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hilmar Örn Agnarsson
Ingvar Jónasson
Kjartan Óskarsson
Kjartan Sigurjónsson
Óliver Kentish
Pavel Manásek
Tryggvi Baldvinsson
Úlrik Ólason
Viera Manásek
Þórunn Björnsdóttir

Kórar:

Skagfirski söngsveitin
Kammerkór Seltjarnarneskirkju
Óperukórinn
Unglingakór Söngskólans
Kór Tónlistarskólans á Ísafirði
Kór Ísafjarðarkirkju
Sunnukórinn
Hátíðarkór Vestmannaeyja
Karlakórinn Fóstbræður
Kvennakór Garðabæjar
Kór Skálholtskirkju
Kór Víðistaðasóknar
Skólakór Kársness
Samkór Reykjavíkurprófastsdæmis
eystra
Kór Neskirkju
Kirkjukórar Borgarness, Hvanneyrar og
Reykholts

Einleikarar:

Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanó
Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó
Guðrún Anna Tómasdóttir, píanó
Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó
Ingunn Hildur Hauksdóttir, píanó

Jón Sigurðsson, píanó
Jónas Ingimundarson, píanó
Peter Maté, píanó
Valgerður Andrésdóttir, píanó
Þórarinn Stefánsson, píanó
Örn Magnússon, píanó

Anna Ingvarsdóttir, fiðla
Ari Þór Vilhjálmsson, fiðla
Auður Hafsteinsdóttir, fiðla
Ásta Óskarsdóttir, fiðla
Bryndís Pálsdóttir, fiðla
Elfa Rún Kristinsdóttir, fiðla
Guðný Guðmundsdóttir, fiðla
Hildur Ársælsdóttir, fiðla
Hjörleifur Valsson, fiðla
Hulda Jónsdóttir, fiðla
María Huld Markan Sigfúsdóttir, fiðla
Sif Tulinius, fiðla
Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla
75 Suzuki-nemendur, fiðla

Eydís Ýr Rosenkjær, víóla
Helga Þórarinsdóttir, víóla
Ingrid Karlsdóttir, víóla
Ingvar Jónasson, víóla
Jónína Auður Hilmarsdóttir, víóla
Katarina Wolf, víóla
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla

Bryndís Halla Gylfadóttir, selló
Dean Ferrel, selló
Gunnar Björnsson, selló
Gunnar Kvaran, selló
Nicole Vala Cariglia, selló
Sigurður Halldórsson, selló
Tóri Restorff Jakobsen, selló

Kristján Orri Sigurleifsson, kontrabassi

Grímur Helgason, klarinett
Jón Aðalsteinn Þorgeirsson, klarinett
Kjartan Óskarsson, klarinett
Sarah Solberg, klarinett
Sigurður Ingvi Snorrason, klarinett

Jóel Pálsson, saxofónn

Tónlistarskólinn í Reykjavík
Ritgerð vetur 2008/2009

Ólafur Jónsson, saxofónn
Sigurður Flosason, saxofónn

Áshildur Haraldsdóttir, flauta
Guðrún Birgisdóttir, flauta
Hallfríður Ólafsdóttir, flauta
Martial Nardeau, flauta
Védís Guðmundsdóttir, flauta

Guðrún Másdóttir, óbó
Daði Kolbeinsson, óbó
Matthías Nardeau, óbó

Sigríður Kristjánsdóttir, fagott

Ella Vala Ármannsdóttir, horn
Emil Friðfinnsson, horn
Anna Sigurbjörnsdóttir, horn
Þorkell Jólsson, horn

Baldvin Oddsson, trompet
David Nooteboom, trompet
Eiríkur Örn Pálsson, trompet
Jóhann Stefánsson, trompet

Roine Hultgren, túba

Hilmar Örn Agnarsson, orgel
Hulda Bragadóttir, orgel
Lenka Matéova, orgel

Elísabet Waage, harpa

Arnaldur Arnarson, gítar

Árni Áskelsson, slagverk

Einsöngvarar:

Anna Aleksandra Cwalinska
Anna Jónsdóttir
Anna Margrét Óskarsdóttir
Benedikt Ingólfsson
Bergþór Pálsson
Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir
Bragi Þór Valsson
Dagný Sigurðardóttir
Dóra Steinunn Ármannsdóttir

Ríkharður H. Friðriksson: Íslensk tónlistarsaga
Súsanna E. Friðriksdóttir

Egill Gunnarsson
Fífa Jónsdóttir
Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Hallveig Rúnarsdóttir
Hjalti Magnússon
Hlín Pétursdóttir
Hugi Jónsson
Hulda Guðrún Geirsdóttir
Hörn Hrafnisdóttir
Inga Bachmann
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Ingunn Ósk Sturludóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Jóna Fanney Svavarsdóttir
Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir
Lindita Óttarsson
Margrét Bóasdóttir
Nathalía D. Halldórsdóttir
Ólafur Rúnarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Regína Unnur Ólafsdóttir
Rúrik Fannar Jónsson
Signý Sæmundsdóttir
Sigríður Gröndal
Sigrún Hjálmtýsdóttir
Sigrún Jónsdóttir
Sigurður Skagfjörð Steingrímsson
Sigurlaug Árnadóttir
Skarphéðinn Þór Hjartarson
Snorri Wium
Sólrún Bragadóttir
Stefán Helgi Stefánsson
Steinunn Soffía Skjenstad
Viera Manásek
Þorgeir Andrésson

Frumflutt verk tónskálda:

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jakob Hallgrímsson
Jónas Tómasson
Óliver Kentish
Pavel Smid
Þorkell Sigurbjörnsson
Þórður Magnússon